

umsjón: B.St. og K.L.

Sjómansdóttirin frá Esbjerg:

FER TIL AMERÍKU

■ Anne Jensen, 18 ára stúlka í Esbjerg, segist nú standa frammi fyrir glæsilegu tilboði, og hún sé ákveðin í að taka því. Anne vann í fyrirsætuþekknun í Danmörku í sumar, en keppnin var haldin á vegum módel-fyrirtækis Eileen Ford í New York. Eileen Ford hefur nú boðið Anne að koma til Bandaríkjanna. — Ég er svo glöð og hlakka til ferðarinnar, sagði Anne við blaðamann. Það er líka gott fyrir mig að fá þarna tækifæri í þeirri vinnu sem ég hef mestan áhuga á, eða sýningar og fyrirsætustörfum.

Reyndar segir Anne, að hin fræga Eileen Ford hafi ekki

samið um neitt fast við sig, né lofað henni fyrirfram einhverju rosakaupi, en hún hafði þó sent sér flugmiða og lofað því, að hún fái að búa fyrst um sinn á heimili hennar í New York.

— Ég fer í lok september og verð a.m.k. 3-4 mánuði í Bandaríkjunum, svo að margt getur skeð, en ef ekkert sérstakt verður úr þessu kem ég heim fyrir jóln, sagði Anne. Foreldrar hennar, Sonja og Evald S. Jensen, skipstjóri á fiskibáti í Esbjerg, sögðust hafa verið hálfreg til að gefa Anne leyfi til að fara ein, en þau hafa nú samþykkt ferðina, þar sem dóttir þeirra eigi að búa á einkaheimili frá Ford.



■ Anne segist hlakka til að fara til New York og sjá hvað verður úr tilboðinu frá Eileen Ford.

staðar út af „qualiteti“ eða list-pólítískum hugmyndum. Það er mikið af ungum myndlistarmönnum í þessu félagi sem telur 70 manns“, sögðu þeir.

„Annað markmið þessa félags er það var stofnað var að koma öllum myndlistarfélögum undir einn hatt og það náðist 15. nóvember 1982 er Samband íslenskra myndlistarmanna var stofnað. Hitt markmiðið stendur því eftir og það er hreinlega að standa vörð um réttindi þeirra sem eru í félaginu.

„Fólkið sem hér sýnir er á öllum aldri. Sá elsti er 50 ára. Upphaflega hugmyndin var að þeir sem líta á sitt aðalstarf að vera myndlistarmenn getu komist í félagið, en með samvinnu við hin myndlistarfélög hefur þetta rúnnast af. Við vildum

taka inn mafiasta o.fl. sem ekkert höfðu lært en voru að gera einlaga hluti. Það er oft jafn ef ekki mikilvægara en nám í myndlist“, sögðu þeir kumpánar.


„Þetta er sölusýning og á mjög viðráðanlegu verði. Meira að segja er hægt að fá verkin, skúlptúrinn eða myndina á afborgunum ef vill. Þetta eru yfir 100 verk sem sýnd verða.“

„Upphaflega kom hugmyndin að þessari sýningu fyrir um það bil ári síðan en vandamálið hefur verið að komast í nógu stórt húsnæði og það fékkst hér á Kjarvalsstöðum“, sögðu þeir.

„Katalóg“ með þeim sem á sýningunni sýna er til sölu. Sýningin stendur til 18. september og er opin daglega frá 14-22.

— Jól

erlent yfirlit



Filippseyjar:

Einræðisöflin berjast um völdin

Þaggað niður í lýðræðissinum

■ SEINT mun verða sannað svo óyggjandi sé hvaða öfl stöðu að baki morðinu á Benigno Aquinos, leiðtoga stjórnarandstöðunnar á Filippseyjum fyrir nær tveim vikum. Um ein milljón manna safnaðist saman á götum Manila, þegar útför hans var gerð sl. miðvikudag, og má af því marka að leiðtoginn látni naut hylli almennings. Það vakti athygli að Marcos forseti var ekki við útförina né neinn af nánnum samstarfsmönnum hans, og stjórninni þótti ekki taka því að eiga fulltrúa við jarðarförina.

Aquinos hafði dvalið í Bandaríkjunum um þriggja ára skeið, en hann taldi sér ekki óhætt að búa í heimalandi sínu. Víst er að valdhöfum á Filippseyjum var engin auðfúsa að hann snéri heim.

Á næsta ári eiga að verða þingkosningar í landinu og snéri foringi stjórnarandstöðunnar heim til að hefja kosningaundirbúninginn. En það skipti engum togum, að þegar hann sté á grund ættjarðar sinnar var hann skotinn til bana. Strangur öryggisvörður var um Aquinos, en það var einn af öryggisvörðunum sem skaut leiðtogann og var morðinginn þegar í stað skotinn af öðrum öryggisvörðum, svo að hann er ekki til frásagnar um hvort hér var um einkaframtak að ræða, eða hvort hann var fenginn til verksins af öðrum aðilum.

Á Filippseyjum er Ferdinand Marcos einráður, en svo virðist sem kona hans Imelda taki sífellt meiri þátt í stjórninni og þrálátur orðrómur er um að forsetinn eigi við vanheilsu að stríða og sé Imelda Marcos að taka við stjórnartömunum.

Þegar Marcos settist í forsetastól stefndi hann að þjóðfélagsumbótum, hagvexti og stjórn-málafrelsi, og einkennidist stjórnarstefna hans í fyrstu af þessu. En er frá leið gerðist hann æ einráðari og umbætur létu á sér standa.

Efnahagsástandið á Filippseyjum er nú verra en í flestum ríkjum Suð-austur Asíu, erlendrar skuldir hrannast upp og at-

vinnutækifæri eru í engu samræmi við ört vaxandi mannfjölgun. Meira en helmingur allra fjölskyldna í landinu býr við sárustu fátækt, barnadaði er mikill og er vannæring að miklu leyti orsök hans. Á sínum tíma tókst Marcosi að koma á kyrrð í landinu, en það er löngu liðin tíð, eins og loforðin um að útteila stjórnendum á milli bænda og koma á almennri velmegun.

Aðalstuðningsmenn Marcosar eru þeir sem auðgast á óstjórninni og spillingunni. Í kjölfar einræðisins fylgir spilling innan allra stofnana þjóðfélagsins. Andstæðingar Marcosar eru útlökadír frá öllum opinberum störfum, þeir eru handteknir, pyntaðir og algengt er að þeir, sem gagnrýna einræðisstjórnina, hverfa.

KAPÓLSKA kirkjan er sterk á Filippseyjum og hefur löngum stutt við bakið á styrku ríkisvaldi og stöðugleika í sundruðu ríki, þar sem ættbálkar búa á ótal eyjum, stórum og smáum. Kirkjan hefur eigi að síður einn þann gagnrýnt stjórnvöld og haldið fram rétti alþýðunnar til mannsæmandi lífs. En kirkjan hefur nú snúist til andstöðu við Marcos og alla þá spillingu sem honum fylgir og mótmælir harðlega mannréttindabrotum og skeytingarleysi um rétt hinna fátæku.

Þrátt fyrir fátækt og barnadaða er mikil mannfjölgun á Filippseyjum. Aður fyrr bjuggu landeigendurnir hér og hvar á eyjaklasanum, og ávallt í námunda við leiguliða sína. Þeir deildu kjörum, og að öllu jöfnu var gott samband á milli bænda og landeigenda. En mikil breyt-

ing hefur nú orðið á. Fylgismenn Marcosar hafa sölsað undir sig bestu landsvæðin og auðlindir sem einhver slægur er í. En þeir sitja í Manila og hafa ekkert samband við fólkið á viðkomandi stöðum, láta sér kjör þess engu varða, en hirta gróðann af stritri fátæklinganna.

Parna hefur skammsýnum og valdagfrugum einræðisherra tekist ásamt leppum sínum að undirbúa jarðveginn fyrir marxista til að fá fólkið á sitt band. Enda láta þeir tækifærið ekki ónotað.

Skæruliðasveitir ráða nú lögum og lofum á mörgum eyjanna og talið er að þeir ráði um fimm tungu þéttbýlisstaða á gjörvöllum Filippseyjum.

Hermenn stjórnarinnar ganga víða fram af mikilli grimmd til að ráða niðurlögum skæruliðasveitanna, en það verður aðeins til þess að fleiri og fleiri snúast á þeirra sveif. Það má með nokkrum sanni segja, að borgarastyrjöld geysi í landinu og hefur gert lengi, en af landfræðilegum orsökum er víglínan óljós og einnig er erfitt að henda reidur á hverjir eru að berjast við hverja. Filippseyingar eru ekki samstæð þjóð, þótt svo eigi að heita að þeir lútu sömu stjórn. Eyjarnar eru óteljandi, ættflokkar margir og víða er erfitt yfirferðar vegna frumskóga. Verulegur hluti íbúanna eru kapólskrar trúar, en múslimar eru þar einnig margir, aðrir trúá á Búdda og einhverjir á Lenín.

PRETTÁN ára einræðisstjórn hefur lamað stjórnmalastarfsemi í landinu. Andstæðingar Marcosar og stjórnar hans hafa sætt ofsóknum, og þótt heita megi að flokkar þeirra séu leyfðir, er þeim með margs kyns bola-

brögðum gert erfitt um vik að starfa og leiðtogar flokkanna eiga ekki sjö daga sæla. Herlög hafa verið í gildi í á annan áratug og heil kynslóð man ekki aðra stjórnendur en Marcos og lið hans. Frjálsar kosningar hafa ekki verið háðar og landinu í háa herrans tíð og gagnrýni ekki leyfð í fjölmiðlum.

Benigno Aquino var sá leiðtogi stjórnarandstöðunnar sem helst voru bundnar vonir við að tekist að skapa pólitískt afl sem verið gæti mótvægi við einræði Marcosarhjóanna og marxista sem beita blóðugum skærulíðum aði til framdráttar stefnu sinni.

Það er ávallt svolítið misvísandi að bera saman pólitíska flokka í þeim heimshluta sem við þekkjum best til þar sem þingræði er stöðugt, og stefnu flokka og stjórnmalaleiðtoga í fjarlægum heimshornum, þar sem ríkir annars konar menning og öðruvísi hugmyndir um þjóðfélagsgerð.

En þó mun óhætt að telja Aquino miðjumann. Hann var eindreginn andstæðingur einræðis og því bæði á móti Marcosi og spillingarliði hans öllu og misþingningu hersins til að halda alþýðunni í skefjum og fátækt og jafnframt var hann andsnúinn marxistum.

Á Filippseyjum eru stjórnmalaflokkar ekki í eins föstu formi og við eignum að venjast í Norðurálfu, en viðgangur þeirra byggist mjög á vinsældum leiðtoganna. Þetta yfirlit er að nokkru byggt á grein eftir amerískan mann, sem sagður er sérfróður í málefnum austur þar. Hann telur erfitt að segja um hve mikið fylgi Aquinos var, og telur jafnvel að hann hafi dvalið of lengi að heiman til að halda þeim vinsældum sem hann naut áður.

En viðbrögð íbúa Manila er Aquinas var jarðsettur benda eindregið til að hann hafi átt þau ítök í hugum fólks, sem kannski hefðu dugað til að koma spillingarstjórninni frá völdum og vega upp á móti síauknum áhrifum marxista, en eins og nú horfir virðist stefna í langvarandi og blóðug átök áður en úr því fæst skorid hvers konar einræðisstjórn heldur velli þegar upp er staðið.

Bandaríkjamenn eiga mikilla hagsmuna að gæta á Filippseyjum. Þeir hafa fjárfest mikið og þar eru miklar flotastöðvar. Marcos hefur verið dyggur stuðningsmaður þeirra, en það er orðið meira en tímabært að stjórnin í Washington hætti öllum stuðningi við einræðisherrann og hætti að beita áhrifum sínum til að spillingar-klikan veifi bandarískum vopnum framán í bláfátæka alþýðu landsins, en einhvers konar lýðræðismynd verði komið á stjórnarfarir í ríkinu.

Oddur Ólafsson: skrifar

